

OPINBERAR TÖLFRÆÐISKILGREININGAR KKÍ

Grein 1 - Mínútur leiknar

1. Tími sem leikmaður er á leikvelli er aðeins skráður í heilum mínútum. Ef leikmaður kemur inn á völlinn í aðeins eina sekúndu fær hann skráða á sig eina mínútu. Þumalputtareglan er sú að draga aukasekúndurnar frá leikmanninum sem fer af velli.

DÆMI:

Leikmaður B kemur inn fyrir leikmann A þegar 2:15 eru eftir í fyrsta leikhluta og leikur það sem eftir er fjórðungsins.

SKRÁNING: Leikmaður A fær skráðar sjö mínútur, leikmaður B fær þrjár.

2. Heildar fjöldi mínútna hjá liði í hverjum leikhluta skal vera 50 (25 eftir hverja framlengingu). Hlutar úr mínútu eru ekki geymdir á milli leikhluta og taldir með í þeim næsta.

Grein 2 - Skottilraunir af velli

1. Skottilraun skal skráð á leikmann í hvert skipti sem hann skýtur, kastar eða blakar knettinum að körfu andstæðinganna í þeim tilgangi að skora nema þegar brotið er á honum í skotinu og hann hittir ekki.

Þegar knatttrúflun í sókn á sér stað (karfan dæmd af) skal ekki skrá skottilraun á þann leikmann sem tók skotið. Hvorki er skráð skottilraun né frákast. Leikmaðurinn sem framdi leikbrotið fær skráðan á sig tapaðan bolta.

Öll skot sem tekin eru fyrir utan þriggja stiga línuna skulu skráð sem þriggja stiga skot. Hafið í huga að útidómari á að lyfta annari hendi með þremur fingrum útréttum til merkis um þriggja stiga skottilraun og ef einhver vafi leikur á um hvort um er að ræða tveggja eða þriggja stiga skot skal skrásetjari horfa til merkis dómara.

Reyni leikmaður að senda boltann til samherja nálægt körfunni og sendingin lendir á körfuhringnum skal ekki skrá það sem skottilraun, jafnvel þó skotklukkan sé endurstíllt.

Ef skot leikmanns hittir hvorki körfuhringinn né körfuspjaldið, en var greinileg skottilraun, skal skottilraun skráð á skotmanninn og frákast á þann sem nær boltanum, jafnvel þó skotklukkan sé ekki endurstíllt. Skráið allar slíkar skottilraunir, að örvæntingarskotum meðtöldum, þegar leiktími eða skotklukka er að renna út. Ef skotklukkan rennur út skal tapaður bolti skráður á sóknarliðið.

2. Sé knetti blakað í átt að körfu skal skrá frákast á viðkomandi leikmann og skottilraun, þar sem leikmaður er að blaka knettinum að körfunni í þeim tilgangi að skora.
3. Skot sem eru varin teljast sem skottilraunir. Leikmaður, sem skot er varið frá, er að reyna að skora körfu. Skrásetjari ákvarðar hvort um skottilraun var að ræða eða hvort sóknarmaðurinn tapaði einfaldlega boltanum.
4. Enginn leikmaður skráist með skottilraun ef tveir eða fleiri leikmenn slá í boltann. Þetta skal aðgreint frá lið 2 hér að framan, þar sem einn leikmaður er greinilega að höndla boltann eftir að hann hefur snert körfuhringinn eða körfuspjaldið.

DÆMI:

Sóknarmaður tekur skot og boltinn skoppar af körfuhringnum (eða körfuspjaldinu) og leikmenn úr báðum liðum slá til boltans án þess þó að annar leikmaðurinn hafi vald á því í hvaða átt boltinn fer.

SKRÁNING: Skráið hvorki skottilraun á neinn leikmann (nema þann sem upphaflega skaut boltanum), né frákast, þar til greinilegt þykir að aðeins einn leikmaður hafi ráðið stefnu boltans.

5. Ef varnarmaður breytir stefnu boltans eða ver skot að hálfu leyti (e. deflects the ball) en boltinn fer í gegnum körfuhringinn, skal leikmaðurinn sem skaut boltanum skráður fyrir körfunni, rétt eins og varnarmaðurinn hefði ekki snert boltann. Varnarmaðurinn fær ekki skráð varið skot.
6. Ef sóknarmaður skorar óviljandi í eigin körfu, skal karfan skráð á fyrirlíða mótherjanna. Á leikmanninn sem skaut skal skráður tapaður bolti.

Grein 3 - Vítaskot

1. Sé knetti blakað í körfuna eftir misheppnað vítaskot skal frákast og karfa skráð á þann leikmann sem blakaði knettinum.
2. Ef vítaskot leikmanns er ógilt af dómara vegna leikbrots samherja skotmannsins (t.d. knatttruflun) skal ekki skrá vítaskottíraun á leikmanninn. Á brotlega leikmanninn skal skrá tapaðan bolta. Ef skotmaðurinn fremur leikbrot skal skrá á hann vítaskottíraun.
3. Þegar leikmaður í varnarliði gerist sekur um leikbrot í vítaskotum:
 - a. Ef skotmaðurinn hitti úr vítaskotinu, þrátt fyrir leikbrotið, skal skrá vítaskottíraun og körfu góða á hann.
 - b. Ef skotmaðurinn hitti ekki úr vítaskotinu skal ekki skráð vítaskottíraun á hann. Leikmaðurinn fær annað vítaskot og það vítaskot skal skráð hvort sem hann hittir eða ekki. Fyrri vítaskotinu (sem varð fyrir áhrifum af leikbrotinu) er eytt út vegna truflunar varnarliðsins.

Grein 4 - Fráköst

Frákast skal skráð eftir flest skot sem geiga, hvort sem er utan af velli eða úr vítaskotum. Aðeins er um örfáar undantekningar að ræða.

1. Frákast er skráð á leikmann í hvert sinn sem hann nær valdi á knettinum strax í kjölfar skottíraunar sem fer forgörðum.
Sóknarfrákast er skráð á leikmann í hvert sinn sem hann nær knettinum strax eftir misheppnaða skottíraun frá honum sjálfum eða samherjum hans.
Varnarfrákast er skráð á leikmann í hvert sinn sem hann nær knettinum strax eftir misheppnaða skottíraun frá mótherja.

DÆMI:

Vítaskot eða skot utan af velli skoppar af körfuhringnum og leikmaður bjargar boltanum frá því að lenda utan vallar með því að blaka honum til samherja.

SKRÁNING: Skráið frákastið (annað hvort sóknar- eða varnarfrákast, eftir því hver skaut) á leikmanninn sem blakaði boltanum.

DÆMI:

Vítaskot eða skot utan af velli skoppar af körfuhringnum og leikmaður blakar boltanum viljandi aftur fyrir sig til samherja.

SKRÁNING: Skráið frákastið á leikmanninn sem blakaði boltanum.

DÆMI:

Vítaskot eða skot utan af velli skoppar af körfuhringnum og rétt kemur við leikmann áður en mótherji eða samherji nær valdi á knettinum.

SKRÁNING: Skráið frákastið á leikmanninn sem nær valdi á boltanum. Það, að snerta boltann, telst ekki að hafa vald á honum.

DÆMI:

Vítaskot eða skottíraun utan af velli skoppar af körfuhringnum og leikmaður reynir að koma í veg fyrir að boltinn lendi utan vallar en slær hann óvart til mótherja.

SKRÁNING: Skráið frákast á mótherjann sem náði boltanum að lokum.

DÆMI:

Vítaskot eða skottíraun utan af velli skoppar af körfuhringnum og leikmaður kemur í veg fyrir að boltinn lendi utan vallar með því að kasta eða blaka boltanum viljandi í mótherja og út af, og veita þannig sínu liði vald á boltanum.

SKRÁNING: Skráið frákast á leikmanninn sem vann boltann til handa sínu liði.

2. Sérstaklega skal gætt að skráningu frákasta í lok leikhluta. Ef leikklukkan hringir áður en einhver leikmaður nær knettinum er ekki skráð frákast, jafnvel þó greinilegt sé hver hefði náð frákastinu hefði leikklukkan ekki hringt. Á sama hátt er ekki skráð frákast þegar dómari hefur stöðvað leikinn með flauti áður en leikmaður hefur náð valdi á boltanum.

Hins vegar, ef leikmaður hefur GREINILEGA náð valdi á boltanum áður en dómariinn flautar, skal frákast skráð á þann leikmann.

DÆMI:

Aðeins ein sekúnda lifir af leikhluta þegar leikmaður reynir skot af löngu færi. Skotið misheppnast og leikhlutanum lýkur.

SKRÁNING: Skráið skottilraun á skotmanninn, hvort sem skotið fór í körfuhringinn/körfuspjaldið eða ekki. Rökin fyrir því eru að hann var að reyna að skora.

DÆMI:

Dómari blæs í flautuna í kjölfar misheppnaðs skots þar sem nokkrir leikmenn eru að reyna að ná boltanum.

SKRÁNING: Skráið skotmanninn fyrir skottilraun en ekkert frákast skal skráð.

DÆMI:

Í kjölfar misheppnaðs skots nær leikmaður valdi á boltanum (þ.e. nær frákastinu). Á meðan leikmaðurinn er enn í loftinu er brotið á honum.

SKRÁNING: Skráið skottilraun á skotmanninn og frákast og fiskaða villu á leikmanninn sem brotið var á. Sú staðreynd að hann var ekki lentur þegar brotið var á honum hefur engin áhrif á skráninguna svo framarlega sem hann hafði greinilega náð valdi á boltanum áður en brotið var á honum.

3. Ef skot leikmanns er varið og hann nær boltanum í kjölfarið, skal hann bæði fá skráð á sig misheppnaða skottilraun, sóknarfrákast (sjá varin skot) og að skot hans hafi verið varið. Leikmaður sem nær að skjóta tvisvar eða þrisvar í röð, og hvert skot er varið, fær skráða skottilraun í hvert sinn og fær auk þess skráð sóknarfrákast í hvert sinn sem hann nær boltanum.

Grein 5 - Varin skot

1. Skráið "varið skot" á varnarmann þegar hann snertir boltann í skottilraun andstæðings með þeim afleiðingum að skotið geigar. Skotmaðurinn fær skráða á sig skottilraun og leikmaðurinn (úr hvoru liði sem er) sem nær boltanum fær skráð á sig frákast. Ef samherji nær lausum bolta eftir varið skot, fær hann skráð á sig sóknarfrákast. Að sjálfsögðu er ekki skráð varið skot þegar um knatttrúflun í vörn (e. goaltending) er að ræða.
2. Hægt er að telja skot varið jafnvel þótt boltinn hafi ekki verið á flugi áður en hann var hindraður á leið sinni. Í tölfræðilegum tilgangi skal skottilraun skilgreind sem öll hreyfing upp á við og í átt að körfu í þeim tilgangi að skora.

DÆMI:

Sóknarmaður nálægt sóknarkörfu stekkur upp til að troða en boltinn er sleginn úr höndunum á honum af mótherja áður en sóknarmaðurinn sleppir boltanum. Varnarliðið nær boltanum inni á vellinum.

SKRÁNING: Sóknarmaðurinn fær skráða skottilraun og að skot hans hafi verið varið, varnarmaðurinn fær skráð varið skot og leikmaðurinn sem náði boltanum fær skráð frákast.

DÆMI:

Sóknarmaður úti á velli stekkur upp í skottilraun og boltinn er stöðvaður af mótherja áður en hann er laus úr hendi sóknarmannsins. Varnarliðið nær boltanum inni á vellinum.

SKRÁNING: Sóknarmaðurinn fær skráða skottilraun og að skot hans hafi verið varið, varnarmaðurinn fær skráð varið skot og leikmaðurinn sem náði boltanum fær skráð frákast.

DÆMI:

Sóknarmaður nálægt sóknarkörfu stekkur upp til að troða en boltinn er stöðvaður af varnarmanni. Þegar leikmennirnir lenda, og halda báðir í boltann, er dæmt dómarakast.

SKRÁNING: Skráið skottilraun á sóknarmanninn og að skot hans hafi verið varið, varnarmaðurinn fær skráð varið skot.

DÆMI:

Sóknarmaður út á velli heldur boltanum yfir höfði sér með báðum höndum og tapar boltanum í hendur varnarmanns þegar hann er að skima eftir samherja til að senda boltann á.

SKRÁNING: Skráið tapaðan bolta á varnarmanninn og stolinn bolta á varnamanninn sem náði boltanum. Þar sem sóknarmaðurinn var ekki að reyna að skora er ekki hægt að skrá varið skot.

Í síðasta dæminu eru engar tölfræðifærslur skráðar ef sóknarliðið nær aftur valdi á boltanum strax í kjölfar þess að boltinn var sleginn úr höndum sóknarmannsins.

Grein 6 - Stoðsendingar

1. Stoðsending skal skráð á leikmann sem á síðustu sendinguna á þann leikmann sem skorar í kjölfarið, ef og aðeins ef leikmaðurinn sem skoraði hóf strax hreyfingu í átt að körfu.
2. Aðeins skal skráð ein (1) stoðsending fyrir hverja körfu. Engar stoðsendingar eru gefnar fyrir skorðu víti.
3. Sending inn á völlinn getur talist stoðsending, ef hún leiðir beint til skoraðrar körfu.

DÆMI:

Boltinn er sendur í átt að körfu og samherji blakar boltanum (sem er á flugi) í körfuna.

SKRÁNING: Skráið stoðsendingu á leikmanninn sem stóð utan vallar og sendi boltann inn á völlinn.

4. Hægt er að skrá stoðsendingu þegar boltinn er sendur á leikmann í teignum svo framarlega sem hann hefur strax hreyfingu í átt að körfu í þeim tilgangi að skora. Ef hann reynir það ekki verður skrásetjarinn að meta hvort skotmaðurinn skoraði af eigin rammleik, og ef svo er fær hann körfuna skráða á sig, en sá sem sendi fær ekki skráða á sig stoðsendingu.

DÆMI:

Boltinn er sendur á leikmann sem driplar einu sinni, gerir gabbhreyfingu með höfðinu og skorar.

SKRÁNING: Skráið stoðsendingu á þann sem sendi þar sem flæði hreyfingarinnar rofnaði ekki við driplið og gabbhreyfinguna.

DÆMI:

Boltinn er sendur á leikmann sem driplar oftast en einu sinni, stoppar, framkvæmir gabbhreyfingu og skorar.

SKRÁNING: Skráið ekki stoðsendingu á þann sem sendi þar sem flæði hreyfingarinnar rofnaði við það að sá sem tók við boltanum þurfti að hafa fyrir því að ná stöðu gegn mótherjanum.

DÆMI:

Dæmin hér á undan eiga við ef boltinn er sendur á leikmann í teignum sem snýr baki í körfuna. Þau eiga hins vegar ekki við annars konar sendingar, t.d. sendingar sem leiða af sér hraðupphlaup, eða langa sendingu endilangan völlinn, sem leiðir beint af sér körfu. Þessar sendingar skulu skráðar sem stoðsendingar á þann leikmann sem sendi boltann.

Grein 7 - Tapaðir boltar

1. Tapaður bolti skal skráður í hvert sinn sem sóknarliðið tapar boltanum án þess að hafa reynt körfuskot, hvort sem er utan af velli eða vítaskot, nema þegar leikhúta lýkur án þess að lið reyni körfuskot. Sóknarfrákast þýðir að lið hefur "náð valdi á boltanum" og er það hugtak notað hér eftir.
2. Skrá skal tapaðan bolta á þann leikmann sóknarliðs sem tapar knettinum við eftirfarandi aðstæður:
 - a) Þriggja sekúndna leikbrot.
 - b) Fimm sekúndna leikbrot (t.d. leikmanns vandlega gætt).

- c) Leikbrot við innkast (þó ekki brot á tímamörkum).
 - d) Skref.
 - e) Sóp.
 - f) Tvígrip.
 - g) Sóknarvilla.
 - h) Knatttruflun í sókn (e. offensive goaltending).
 - i) Slæm sending sem veldur því að lið missir vald á knetti.
 - j) Sendingu er stolið.
 - k) Leikmaður missir boltann úr höndunum og andstæðingar ná valdi á knettinum.
 - l) Bolti fer út af velli.
 - m) Stigið er út af velli.
 - n) Knetti er snúið til varnavallar.
 - o) Leikbrot við vítaskot þar sem leikmaður ógildir körfu samherja síns.
 - p) Leikbrot í dómarakasti, þegar lið sem hafði vald á knetti missir það.
3. Eftirfarandi telst tapaður bolti á sóknarliðið, en ekki einstaka leikmenn, og er því ekki skráð á tölfræðiblaðið:
- a) Fimm sekúndna leikbrot við innkast.
 - b) Átta sekúndna leikbrot.
 - c) 24 sekúndna leikbrot.

Grein 8 - Stolnir boltar

1. Stolinn bolti skal aldrei skráður án þess að tapaður bolti sé einnig skráður. Hins vegar er í mörgum tilvikum hægt að skrá tapaðan bolta án þess að skrá stolinn bolta.
2. Skráið stolinn bolta á leikmann við eftirfarandi aðstæður:
 - a) Boltinn er tekinn af andstæðingi á löglegan hátt.
 - b) Varnarmaður kemst inn í sendingu, jafnvel þó ekki hafi þurft mikið til, t.d. ef boltinn einfaldlega "datt" í hendurnar á varnarmanninum eða hann náði lausum bolta af gólfinu eftir að sóknarmaður missti boltann frá sér.
 - c) Knattrak slegið frá mótherja til samherja.
 - d) Valdi á bolta náð eftir tapaðan bolta, þegar boltinn er innan vallar og klukkan hefur ekki verið stöðvuð.

ATH: Við allar ofangreindar aðstæður skal skrá stolinn bolta á þann sem slær boltann til samherja, ef liðið nær þá valdi á boltanum, jafnvel þó hann hafi ekki sjálfur haft stjórn á boltanum.

DÆMI:

Leikmaður A1 slær knattrak í burtu frá mótherja, leikmanni B3, og A5 nær að lokum boltanum.

SKRÁNING: Skráið tapaðan bolta á B3 og stolinn bolta á A1, þar sem hann var valdur að þessum tapaða bolta. Lykilatriðið í þessu er að A1 skapaði samherja sínum tækifæri á að ná lausum bolta. (Ef sú staða kemur upp að tveir eða fleiri leikmenn eru jafnábyrgir fyrir að valda töpuðum bolta, skal skrá stolinn bolta á þann leikmann sem nær boltanum og skapar liði sínu þannig vald yfir knettinum.

ATH: Stolinn bolti er ekki skráður á leikmann sem veldur því, með varnaraðgerðum sínum, að sóknarliðið fremur leikbrot eða villu.